

Stofnanasamningur

milli Fjölbautaskóla Snæfellinga
og Þroskaþjálfafélags Íslands
um forsendur röðunar starfa við stofnunina.

Samningur þessi byggir á gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs annars vegar og Þroskaþjálfafélags Íslands hins vegar.

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í Þroskaþjálfafélagi Íslands sem starfa hjá Fjölbautaskóla Snæfellinga og njóta ráðningarkjara samkvæmt ofangreindum kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Þroskaþjálfafélags Íslands, sbr. grein 11.1 í þeim samningi.

2. Markmið stofnanasamnings

Samningurinn tekur hliðsjón af sérstöðu stofnunarinnar, eðli starfseminnar og skipulagi. Samningurinn stuðlar að því að þróa og útfæra skilvirkt launakerfi sem tekur mið af þörfum, verkefnum og markmiðum Fjölbautaskóla Snæfellinga. Ennfremur skal samningurinn stuðla að því að starfsmenn njóti sömu kjara fyrir sambærileg störf og sambærilega menntun, sbr. bókun 1.

3.2. Starfaflokkar og grunnröðun þeirra

Þroskaþjálfari 1

Vinnur að þroskaþjálfun nemenda með þroskafrávik og/ eða fötlun, veitir ráðgjöf til kennara um þroskaþjálfun nemenda. Tekur þátt í þverfaglegri teymisvinnu við ráðgjöf og greiningu en vinnur undir leiðsögn deildarstjóra starfsbrautar. Tímabil þetta varir í 12 mánuði eða skemur eftir mati skólameistara. Nýtur leiðsagnar og verkbundinnar handleiðslu á tímabilinu samkvæmt fyrirfram ákveðinni áætlun um upphafsþjálfun. Situr kennarafundi. Þroskaþjálfari 1 skal grunnraðast í lfl.7.

Þroskaþjálfari 2

Hefur starfað við stofnunina í 12 mánuði eða hefur sambærilega reynslu að mati viðkomandi skólameistara. Hann vinnur sjálfstætt, ber ábyrgð á faglegum gæðum verkefna sinna við þjálfun nemenda, ráðgjöf og þátttöku í þverfaglegu teymisstarfi. Vinnur að gerð einstaklings- og hópkennduáætlana auk námsmats í nánu samstarfi við deildarstjóra og aðra eins og við á. Vinnur að gerð brautarnámskrár og endurskoðunar á henni. Sinnir vali á almennum áföngum fyrir nemendur. Situr kennarafundi.

Þroskaþjálfari 2 skal grunnraðast í lfl. 8

Þroskaþjálfari 3

Hefur starfað við stofnunina í 24 mánuði. Þroskaþjálfari 3 skal geta veitt nemendum umsjón, skipulagt einstaklingsmiðað nám nemanda ásamt námsmati og umsjón teymis. Leiðbeinir stuðningsfulltrúum/félagliðum eins og við á. Getur tekið að sér undirbúning og umsjón

áfanga, skipulagningu ákveðinna verkþátta og séð um frágang skilagreina. Situr kennarafundi. Þroskaþjálfari 3 er staðgengill deildastjóra á sérnámsbraut. Þroskaþjálfari 3 skal grunnraðast í lfl. 9

3.3 Vinnuþættir

Vinnuþáttur A er þjálfun/kennsla nemenda og undirbúningur samtals 1440 klst.

Skólameistara er heimilt að ráðstafa þroskaþjálfara í að hámarki 26 kennslustundir (hver þjálfunarstund er 40 mínútur) á viku.

Vinnuþáttur B er samráð, námsmat, stöðumat og aðlögun nemenda, viðtalstímar, samstarf við fagaðila utan og innan skólans og ráðgjöf til foreldra, til kennara og annarra starfsmanna, upplýsingagjöf, umsjónarstörf og endurmenntun/símenntun/starfsþróun, samtals 360 klst. á ári.

Vinnuþáttur C eru tímabundin verkefni sem kæmu til frádráttar á vinnuþætti A.

Bundin viðvera er vegna starfsmannafunda, viðtalstíma og faglegs samstarfs innan skóla. Samtals 1800 klukkustundir á ári. Sjá starfslýsingu.

4. Menntun

Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi.

Við lágmarksröðun bætast skv. 3 gr. við álagsþrep/launaflokkar vegna viðbótarmenntunar á háskólastigi:

- Diplóma (30 ECTS einingar) = 1 þrep
- Diplóma (60 ECTS einingar) = 1 launaflokkur
- Meistaragráða (90 - 120 ECTS einingar) = 2 launaflokkar.
- Doktors- eða sambærilega gráða (180 ECTS einingar) = 3 launaflokkar.

4.1 Áhrif starfsreynslu á röðun í launaflokka:

- Eftir 2 ára starfsreynslu í faginu hækkar röðun um 1 flokk*
- Eftir 3 ára starfsreynslu í faginu hækkar röðun um 1 þrep.
- Eftir 5 ára starfsreynslu í faginu hækkar röðun um 1 þrep.
- Eftir 8 ára starfsreynslu í faginu hækkar röðun um 1 launaflokk.
- Eftir 12 ára starfsreynslu í faginu hækkar röðun um 1 þrep
- *(á ekki við um þroskaþjálfara 2 þar sem það er inn í starfaskilgreiningunni)

4.2 Sí- og endurmenntun

Starfsmaður sem sækir námskeið, fyrirlestra og aðra símenntun sem svarar til 60 kennslustunda á hverju starfsári m.v., 75-100% starf, en 40 kennslustunda fyrir 50-74% starf fær 1 þrepa hækkun fyrir umrætt tímabil. A.m.k. helmingur þess tíma þarf að vera í formi námskeiðs sem tengjast starfssviði starfsmanns.

4.3 Önnur viðbótarmenntun

Nám sem nýtist í starfi að mati viðkomandi yfirmanns en er ekki hluti af formlegri háskólamenntun sbr. grein 4.1 Formlegt skipulagt starfsnám sem leiðir til viðurkenningar og skal umfang vera sambærilegt við a.m.k. 30 ECTS eininga háskólanám, skal metið til hækkunar um eitt þrep.

5. Persónubundnir þættir

5.1 Önnur verkefni

Ef þroskaþjálfar er falið að gegna öðrum sérstökum verkefnum jafnhliða kennslu fer það eftir umfangi viðkomandi verkefna hvernig greitt er fyrir þau.

Þroskaþjálfar sem tekur tímabundið að sér aukna ábyrgð eða er tímabundið undir auknu álagi, sem ekki hefur verið tekið tillit til við skilgreiningu og grunnröðun starfs, án þess að grunnverksviði hans sé breytt eða öðrum viðvarandi verkefnum fækkað, getur fengið álagsgreiðslur. Ákvörðun skal tekin fyrirfram af skólameistara í samráði við þroskaþjálfar. Álagsgreiðslurnar eiga við um eftirfarandi verkefni og það tímabil sem þroskaþjálfar sinnir þeim, sem er að lágmarki 4 vikur samfleytt:

- Fóstrun nýráðins starfsmanns = 1 álagsþrep.
- Langvarandi fjarvist annarra starfsmanna t.d. vegna námsleyfis, veikinda eða fæðingarorlofs = 1 álagsþrep. Ef um stjórnun og ábyrgð er að ræða = 2 álagsþrep.

5.2 Eftirtalin verkefni eru greidd sérstaklega:

- yfirseta á skólaskemmtunum, tímavinna í yfirvinnu
- kvöldfundir, s.s. foreldrafundir umfram einn á skólaári, opið hús og aðrir fundir, tímavinna í yfirvinnu
- ýmis skilgreind verkefni, s.s. undirbúningur þemadaga, uppákomur á vegum skólans og fleira af þessum toga. Greitt sem tímavinna í yfirvinnu

7. Starfspróun

7.1 Einstaklings- og hóphandleiðsla.

Þroskaþjálfar sem starfa hjá Fjölbautaskóla Snæfellinga hafa tækifæri til þess að sækja handleiðslu að þeirra frumkvæði.

7.2 Ráðstefnur og sérhæfð námskeið.

Þroskaþjálfar hafa tækifæri til að sækja ráðstefnur eða sérhæfð námskeið innan- eða utanlands árlega eftir því sem fjárhagur og regluleg starfsemi leyfir. Námskeiðið skal tengjast störfum þroskaþjálfara og í samráði við skólameistara.

8. Samstarfsnefnd

Um samstarfsnefnd vísast til gr. 11.4 í þeim kjarasamningi sem samkomulag þetta byggir á.

9. Hækkun umfram 8 þrep á láréttum ási

Starfsmaður, sem hefur áunnið sér hækkun umfram 8 álagsþrep, færast í næstu launatölu næsta launaflokks fyrir ofan.

10. Gildistaka


Samkomulag þetta gildir frá 1. janúar 2018.

11. Endurskoðun

Aðilar eru sammála um að endurskoða samkomulag þetta í samræmi við ákvæði í 11. kafla kjarasamnings viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Reykjavík 26 .júní 2018

f.h. Fjölbrautaskóla Snæfellinga


Hrafn L. Lector

f.h. Proskabjálfafélags Íslands


Laufey L. Gímsdóttir



Fylgiskjal 1

Starf/verkefni	Hvernig greitt	Tímabil
Fulltrúi í skólaráði	Tímamælt	
Forvarnarfulltrúi	Tímamælt	
Tengiliður við nemendafélag	2 þrep ef 1 tengiliður, 1 þrep á hvorn ef 2 tengiliðir	1.ágúst-31.maí
Umsjón með nemendum	1 þrep	1.ágúst-31.maí
Þemadagskipulag	Tímamælt	
Þróun á nýjum áfanga	1 þrep + 8 klst. fyrir áfangalýsingu	5 mánuðir
Starfsþróunarverkefni	1 þrep	5 mánuðir
Leiðbeining nýráðins starfsmanns	1 þrep	
Langvarandi fjarvist annarra starfsmanna t.d. vegna námsleyfis, veikinda eða fæðingarorlofs	1 þrep með veikindi standa yfir.	

STARFSLÝSINGAR

Nafn starfsmanns:	<i>Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir</i>	
Svið/deild:	Starfsbraut	Starfshlutfall: 100%
Næsti yfirmaður (starfsheiti):	Skólameistari	
Undirmenn (starfsheiti):	Stuðningsfulltrúar	

Markmið starfs	<i>Hefur umsjón með og undirbýr þjálfun / kennslu og námsmat í þeim áfanga / með þeim nemanda, sem honum er falið, þannig að hann fylgi markmiðum FSN. Er samstarfsaðili kennara og annarra starfsmanna skólans eftir því sem við á. Mikilvægt er að þroskaþjálfari og kennari/kennarar starfi náið saman og gæti þess að verkskipting þjóni sem best öllum einstaklingum áfangans. Fylgist með að kennsla og námsefni uppfylli kröfur íslenskra laga og reglugerða sem gilda um rekstur framhaldsskóla.</i>
	Ábyrgðarsvið
1.	Ber ábyrgð á og annast þroskaþjálfun og umönnun nemanda með fötlun.
2.	Annast undirbúning þjálfunar / kennslu í þeim áfanga / með þeim nemanda sem honum er falið hverju sinni.
3.	Ber ábyrgð á samskiptum við fjölskyldu nemanda síns.
4.	Annast námsmat í þeim áfanga / fyrir þann nemanda sem honum er falið hverju sinni.
5.	Miðlar upplýsingum varðandi sérþarfir nemanda til kennara, annarra starfsmanna skólans og foreldra.
6.	Stendur vörð um réttindi nemanda síns og stuðlar að því að hann njóti bestu þjónustu sem möguleg er á hverjum tíma.
7.	Ber ábyrgð á að uppfæra eigin ferilskrá með því að afhenda viðeigandi gögn til starfsmannahalds jafnharðan. (Menntun, námskeið, o.fl.).
8.	Ber ábyrgð á að verkefni sem undir hann falla séu unnin samviskusamlega, innan settra tímamarka þannig að skólinn geti veitt innri og ytri viðskiptavinum sínum sem besta þjónustu á hverjum tíma.

Handwritten signature

Handwritten signature

Kröfur um hæfni (þekking, færni, eiginleikar)

Starfsleyfi til að starfa sem þroskaþjálfari. Hafa sem viðtækasta þekkingu/reynslu í þeirri grein fötlunar sem undir hann heyrir. Drifkraft og frumkvæði til að leysa þau verkefni sem undir starfið falla. Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæða framkomu gagnvart viðskiptavinum innri sem ytri.

	Helstu verkefni:
1.	Annast þjálfun í þeim áfanga eða með þeim nemanda sem honum er falið hverju sinni.
2.	Gerir einstaklingsáætlun í samráði við umsjónarkennara, sérkennara, foreldra og aðra eftir því sem við á.
3.	Annast námsmat eða eftir atvikum færni- og þroskamat í þeim áfanga / fyrir þann nemanda sem honum er falið hverju sinni.
4.	Tekur þátt í faglegu samstarfi í kennslugreinum sínum samkvæmt markmiðum skólans og aðalnámskrár.
5.	Viðheldur faglegri hæfni sinni og hugar að tengslum við aðrar námsgreinar
6.	Skipuleggur þjálfunaraðstæður, velur/útbýr þjálfunar- og námsgögn og fylgir eftir settum markmiðum. Metur árangur og endurskoðar markmið í samstarfi við samstarfsaðila. Skilar niðurstöðum til næsta yfirmanns og foreldra.
7.	Annast skráningu fjarvista nemenda sinna.
8.	Tekur þátt í samstarfi vegna starfs síns samkvæmt markmiðum skóla og aðalnámskrár.
9.	Annast upplýsingagjöf og upplýsingaöflun vegna sérþarfa nemanda síns. Annast almenna upplýsingagjöf og upplýsingagjöf vegna sjálfsmats skóla og skólanámskrár.
10.	Hefur viðtalstíma fyrir nemendur og forráðamenn þeirra.
11.	Situr að minnsta kosti einn fund á ári með forráðamönnum nemenda sinna.
12.	Situr kennara- og starfsmannafundi sem boðaðir eru samkvæmt reglugerð um kennarafundi.
13.	Tekur þátt í gerð markmiðs-, rekstrar- og fjárfestingaráætlunar fyrir skólann eftir því sem kunnátta hans og geta gagnast verkefninu.
14.	Annast önnur verkefni sem honum eru falin með sérstöku samkomulagi við þroskaþjálfara og varða faglegt starf þroskaþjálfara á grundvelli kennslugreina, námsbrauta, deilda eða annarra heilstæðra eininga eða tengjast með öðrum hætti starfsemi skólans, þjónustu hans og samskiptum við nemendur. Um fagleg störf eða stjórnun sem þessi grein tekur til gilda starfslýsingar innan skóla með hliðsjón af stofnanasamningum þeirra og þau skal auglýsa innan skólans.

Vinnuþættir

Vinnuþáttur A er þjálfun/kennsla nemenda og undirbúningur samtals 1440 klst. á ári. Áfangastjóra er heimilt að ráðstafa proskapjálfa í að hámarki 26 þjálfunarstundir (hver þjálfunarstund er 40 mínútur) á viku.

Vinnuþáttur B er samráð, námsmat, stöðumat og aðlögun nemenda, viðtalstímar, samstarf við fagaðila utan og innan skólans og ráðgjöf til foreldra, til kennara og annarra starfsmanna, upplýsingagjöf, umsjónarstörf og endurmenntun/símenntun/starfsþróun samtals 360 klst. á ári.

Vinnuþáttur C eru tímabundin verkefni sem kæmu til frádráttar á vinnuþætti A.

Bundin viðvera er vegna starfsmannafunda, viðtalstíma og faglegs samstarfs innan skóla.

Samtals 1.800 á ári.

Viðauki við gildandi stofnanasamning milli Þroskaþjálfafélags Íslands og Fjölbrautarskólans Snæfellinga, dagsettur 26. júní 2018. Útfærsla samstarfsnefndar um 5. gr. gerðardóms í FSN.

Vísað er sérstaklega til 5. greinar 11.3.3.1 með fyrirvara um mögulega niðurstöðu dómsmáls með túlkun gerðardóms.

1.65% varanleg launahækkun til viðbótar við gildandi stofnanasamning greiðist ár hvert en dreifist yfir skólaárið (þ.e. meðan á kennslutímabili stendur og nemur 1. launaprepi) og skal bundin við eftirfarandi þætti, samanber gr. 11.3.3.3 gerðardóms:

1. Tímabundin aukin ábyrgð meðan að starfsmaður sinni fjölbreyttum hópi nemenda í mismunandi bekkjum.
2. Vinnutímasveigjanleiki og liðlegheit.
3. Sérstakt álag og erfiðleikastig.

1,65% hækkun frá 1. júní 2016 – 31. desember 2017 hefur verið gerð upp sem eingreiðsla. Einnig hefur verið greitt 1 þrep frá 1. janúar 2018 til að uppfylla varanlega launahækkun.